



**Þróunarverkefnið**  
**Máltaka og tvítýngi í**  
**leikskólanum Vallarseli 2015-2017**

**Pað sem ég heyri..gleymi ég - Pað sem ég sé..man ég - Pað sem ég geri..skil ég**

## Aðdragandi og hvers vegna verkefnið „Máltaka tvítyngdra barna“ ?

Á undanförunum árum hefur orðið töluverð breyting á íslensku samfélagi sem m.a. hefur leitt til að íbúasamsetning á Akranesi hefur orðið fjölbreyttari. Í leikskólanum Vallarseli hefur börnum með annað móðurmál (báðir foreldrar af erlendum uppruna) fjölgað jafnt og þétt auk þeirra barna sem hafa annað foreldrið af erlendum uppruna. Á örfáum árum fjölgaði tvítyngdum nemendum gífurlega á leikskólanum Vallarseli. Það að fá „allt í einu“ upp í hendurnar 30 börn af erlendum uppruna er ekki viðtekið eða venjulegt. Við upplifðum ákveðið skilningsleysi og jafnvel fordóma gagnvart þessu gríðarstóra verkefni bæði hjá samstarfsfélögum, starfsfólki og foreldrum. Sláandi tölur um fjölda tvítyngdra barna í leikskólum Akraneskaupstaðar urðu til þess að Vallarsel kallaði eftir hjálp en í mörg ár fengum við enga áheyrn. Til þess að fá þá aðstoð sem við þurftum til að koma til móts við þessa fjölgun tvítyngdra barna var ákveðið að sækja um styrk frá Þróunarsjóði Akraneskaupstaðar. Þá loksins gátum við uppfært þennan hluta starfsins.

### **Markmið og leiðir:**

- ✚ að leikskólinn Vallarsel starfi í anda fjölmenningslegs skólustarfs þar sem boðið verður upp á fjölbreytt viðfangsefni og starfshætti til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

### **Undirmerkið:**

- ✚ að auka færni, skilning og umburðarlyndi starfsfólks leikskólans í vinnu með nemendum með annað móðurmál en íslensku.
- ✚ að efla samstarf við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku.
- ✚ að gera fjölmenningu leikskólans sýnilegri.
- ✚ að efla almenna málörvun fyrir öll börn í leikskólanum.

### **Verkefnastjórn verkefnisins**

- ✚ Vilborg Guðný Valgeirsdóttir aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri
- ✚ Íris Guðrún Sigurðardóttir deildarstjóri
- ✚ Brynhildur Björg Jónsdóttir leikskólastjóri

### **Umsjónarmenn verkefnisins**

- ✚ Vilborg Guðný Valgeirsdóttir aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri
- ✚ Íris Guðrún Sigurðardóttir deildarstjóri
- ✚ Aðalheiður María Þráinsdóttir deildarstjóri
- ✚ Hrefna Ingólfssdóttir deildarstjóri
- ✚ Kristjana Jóna Jóhannsdóttir / Salbjörg Ósk Reynisdóttir deildarstjóri
- ✚ Krístrún Matthíasdóttir deildarstjóri
- ✚ Ragnheiður Magnúsdóttir deildarstjóri
- ✚ Brynhildur Björg Jónsdóttir leikskólastjóri

## **Þátttakendur í verkefninu**

Allt starfsfólk leikskólans Vallarsels tók þátt í verkefninu en deildarstjórar héldu utan um framkvæmd þess á deildum skólans.

## **Staðan í upphafi**

Árið 2010 urðu þær breytingar, að allt í einu voru innrituð í Vallarsel 29 tvítyngd börn. Þetta var raunveruleiki sem kom skólanum í opna skjöldu og þá var einnig ljóst að fjöldi tvítyngdra barna dreifðist ekki jafnt á meðal leikskólanna í bænum.

Öll þessi börn áttu foreldra sem töluðu ekki íslensku og í nokkrum tilfellum töluðu þau ekki ensku. Einhvern veginn varð að eiga í samskiptum við þau og var þetta oft á tíðum frekar flókið verkefni. Börnin sem þarna komu inn í skólann voru að sjálfsögðu bara með sitt móðurmál og því varð að finna út hvernig barnið gæti sem best lært að tjá sig og eiga í samskiptum við alla.

Við skólann starfar pólskur leikskólakennari en meirihlutinn af þeim börnum sem komu voru pólsk. Hann hefur oftast en ekki átt fyrstu samskipti við hina nýju foreldra. Þetta var oft á tíðum mjög krefjandi og flókið að fá barn í hendur sem ekki skildi neitt. Við skildum ekki barnið, það ekki okkur, það vissi ekki hvað var að fara að gerast eða hvert það átti að leita ef eitthvað var að.

Við urðum að finna leiðir til að eiga í samskiptum við barnið þar til það var farið að skilja aðeins hvað var um að vera. Hvað áttum við að gera og hvernig? Út frá því var farið í mikla vinnu við að finna út hvernig best væri að taka á móti börnum með annað móðurmál en íslensku. Á þessum tíma fengu við líka inn börn frá Litháen með litháensku sem móðurmál en einnig börn frá Filipseyjum, og Þýskalandi sem voru tvítyngd.

	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015	2015-2016	2016-2017	2017-2018
Akrasel			2	3	4	8	7	*7
Garðarsel	1	1	1	1	1	1	1	*2
Teigasel	0	0	1	5	5	5	12	*9
Vallarsel	29	32	31	32	41	32	32	*32

**Samanlagður fjöldi eintýngdra og tvítyngdra barna með annað móðurmál en íslensku á leikskólum Akraness á árunum 2010-2018. Upplýsingar fengnar frá skólastjórum.**

Við veltum því fyrir okkur hvers vegna öll þessi börn og foreldrar kæmu bara til okkar. Nokkrar hugmyndir komu fram eins og opnunartími skólans, að við hann starfaði pólskur leikskólakennari, að skólinn væri miðsvæðis í bænum og eitthvað fleira. Í dag sjáum við að þessi atriði eru ekkert endilega ástæðan heldur ekki síður sú reynsla sem skólinn var þá þegar kominn með.

## **Helstu hindranir**

Umræðan í leikskólanum og vangaveltur um málþroska ungra barna varð til þess að farið var af stað í verkefnið. Tilfinningin gagnvart þróun málþroska barna var heldur ekki góð, honum hafði hnignað mikið. Það þurfti að bregðast fljótt við. Áður en lagt var af stað í þetta verkefni höfðum við verið að kljást við ýmiskonar neikvæð viðhorf gagnvart þeim verkefnum sem við vorum að vinna með tvítyngdum börnum, aðstæðum og foreldrum þeirra. Þetta neikvæða viðhorf kom fram bæði í starfsmannahópnum, hjá öðrum foreldrum og ekki síður öðrum samstarfsfélögum. Setningar á borð við „ef þær fá styrk þá hljótum við að fá eitthvað líka“ var eitthvað sem heyrðist og var engum hyglt, allir settir undir sama hatt sama hver og hversu stór verkefnin voru. Það var ekki fyrir en samstarfsfélagarnir sáu tölurnar um fjölda tvítyngdra barna að þeir áttuðu sig á að Vallarsel var að kljást við allt annan veruleika en hinir leikskólarnir

Í foreldrahópnum kom þetta fram í fordómum og skilningsleysi gagnvart fjölda tvítyngdra barna í Vallarseli. Foreldrar spurðu hvernig stæði á að það væru svona mörg tvítyngd börn í Vallarseli, hvort að þau kæmu bara öll þangað og nokkrir foreldrar efuðust meira að segja um að það væri hollt fyrir barnið þeirra að umgangast svona mikið af útlendingum.

Að sama skapi þurftu starfsmenn Vallarsels að skoða vel sitt viðhorf og sinn hug varðandi tvítyngd börn og það verkefni sem við stóðum og stöndum frammi fyrir. Starfsfólk velti fyrir sér spurningum eina og af hverju væri svona mikið af útlendingum hérna, af hverju er þessu flæði útlendinga ekki meira stýrt, hvað eru allir þessi útlendingar að gera hér? Þá urðum við vör við skilningsleysi gagnvart tvítyngi, hvað felst í því að vera tvítyngdur og hvernig best væri að vinna með það.

Við urðum að viðurkenna að líklega myndi mesta og mikilvægasta vinnan snúast um þessi viðhorf. Það yrði í sjálfu sér auðvelt að kenna annað tungumál en viðhorfið yrði snúnara.

## **Helsti ávinningur**

Það sem eftir stendur þegar verkefninu er að ljúka er sú staðreynd að tvítyngd börn eru komin til að vera stór hluti af okkar menningu, bæði í leikskólanum sem og í samfélaginu. Við þurfum að mæta þeim þar sem þau eru og það skiptir miklu máli að þau fái þann stuðning sem þau þurfa. Á fyrstu árum leikskólans eru börnin á mikilvægasta skeiði máltökunnar og því er afar mikilvægt fyrir alla sem að koma að vera með sem besta þekkingu á viðfangsefninu, að geta aðlagð námið að þörfum barnanna þannig að sem bestur árangur náist.

Það sem þetta verkefni skilaði okkur er fyrst og fremst þekking á tvítyngi. Með þekkingu komum við í veg fyrir að neikvætt viðhorf líti samskiptin við foreldra og vinnuna okkar með börnunum. Við þurfum engu að síður að vera meðvituð um að það er ekki nóg að leggja af stað í svona vinnu og hætta svo þegar þróunarverkefninu lýkur, heldur er þetta verkefni sem þarf stöðugt að vinna að, finna nýjar leiðir, mæta börnum þar sem þau eru og opna á samskipti við tvítyngda foreldra.

Það er einnig ýmislegt annað sem komið hefur leikskólanum til góða í þessari vinnu. T.d að þær aðferðir sem hafa nýst tvítyngdum börnum hafa ekki síður nýst íslenskum börnum sem hafa aðeins eitt móðurmál. Þannig höfum við náð að efla málörvun fyrir öll börn á leikskólanum sem var líka eitt af hinum upphaflegu markmiðum okkar.

## Hvað var gert til að afla þekkingar ?

### **31. ágúst 2015, starfsmannafundur, kynning fyrir starfsfólk**

Á starfsmannafundi 31. ágúst var verkefnið og skipulag þess kynnt öðrum starfsmönnum, rökin fyrir tildrögum verkefnisins og hvernig það yrði unnið. Fyrst og fremst var þetta kynning á því starfi sem framundan væri næstu tvö árin, hvaða hlutverki þetta verkefni ætti að þjóna og mikilvægi þess að allir starfsmenn væru virkir þátttakendur. Á þessum tíma var verkefnastjórnin búin að hittast og leggja þau drög að vinnunni sem hægt var. Megináherslan yrði lögð á máltöku tvítyngdra barna og það væri sá þáttur sem þyrfti að leggja mesta áhersluna á frekar en fjölmennunguna sem slíka.

### **Ráðstefnur og önnur fræðsla**

#### **22. september 2015, fundur verkefnastjórnar með Fríðu B. Jónsdóttur**

Verkefnastjórn fundaði með Fríðu B. Jónsdóttur verkefnastjóra hjá Reykjavíkurborg sem búin er að starfa með tvítyngdum börnum og foreldrum í fjölda ára og er mikill reynslubanki og hafsjór af fróðleik og góðum ráðum. Einnig fór Fríða yfir skipulag og umræðuefni sem yrði á starfsdegi þann 30. september.

#### **25. september 2015, ráðstefna Talþjálfunar Reykjavíkur**

Talþjálfun Reykjavíkur átti 20 ára starfsafmæli og bauð upp á ráðstefnu um mál og læsi. Vilborg Valgeirsdóttir sérkennslu- og aðstoðarskólustjóri og Íris Guðrún Sigurðardóttir deildarstjóri sóttu þessa ráðstefnu. Áherslan var á framtíðarsýn og hagnýtar lausnir sem styðja við mál og læsi. Á ráðstefnunni komu saman helstu sérfræðingar í máli og læsi, sögðu frá reynslu sinni og kynntu nokkur hjálpartæki sem til eru í þessum málaflokki.

#### **30. september 2015, skipulagsdagur, fyrirlestur Fríðu B Jónsdóttur um fjölmenningu og tvítyngi**

Yfirskrift fyrirlestursins var: „Mál og læsi: börn sem læra á tveimur eða fleiri tungumálum.“ Lögð var áhersla á við lifum í breyttum heimi þar sem fólksflutningar eru orðnir daglegt brauð og það er samfélagsleg ábyrgð okkar að mæta þessum nýja veruleika. Börnin koma í leikskólann með tvö tungumál sem eru kannski ekki kennd í leikskólanum en mikilvægast er að þau séu viðurkennd. Farið var yfir mikilvægi upprifjunar, endurtekningar og samhengis. Fríða fór einnig yfir viðhorf fólks gagnvart útlendingum. Á þessum fundi komu fram margir mjög góðir og áhugaverðir punktar sem unnið var með áfram. Þá fengu starfsmenn tækifæri til að spyrja um fjölmenningu og tvítyngi, því það voru margar brennandi spurningar í tengslum við verkefnið.

#### **15.-17. október 2015, ráðstefna „Áhugafólks um skólaþróun“ á vegum HÍ um Learning spaces and social justice**

Ráðstefnuna sóttu Vilborg Valgeirsdóttir sérkennslu- og aðstoðarskólustjóri og Íris Guðrún Sigurðardóttir deildarstjóri. Ráðstefnan var alþjóðleg og m.a. ætluð háskólaþingi,



stefnumótandi aðilum og starfandi kennurum, öðru starfsfólki og stjórnendum á öllum skólastigum. Hópur sérfræðinga í skólamálum lagði fram rannsóknarskýrslu sem unnin var í sameiningu á Norðurlöndunum um fjölmenningu og þátttöku innflytjenda í samfélagi þjóðanna. Löndin sem tóku þátt í rannsókninni voru Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Alls tóku 27 skólar á öllum skólastigum þátt í ráðstefnunni.

#### **11. nóvember 2015, skipulagsdagur, heimsókn í leikskólana Holt og Ösp og í Fellaskóla**

Starfsmannahópnum var skipt upp í þrjá hópa og hver hópur heimsótti einn skóla. Þeir voru valdir sérstaklega vegna þátttöku þeirra í fjölmenningarlegu samfélagi og vegna áralangrar reynslu af vinnu með tvítýngi.

#### **4. janúar 2016, skipulagsdagur, fyrirlestur Sigríðar Gísladóttur iðjubjálfa um viðhorf og farið yfir stöðu verkefnisins. Í framhaldi unnið með myndaplatta starfsmanna**

Farið var yfir stöðuna á þróunarverkefninu. Þarna gafst öllum tækifæri til að spyrja frekar út í verkefnið og starfsfólkið kom með marga mjög áhugaverða punkta.

Sigríður Gísladóttir iðjubjálfi flutti fyrirlestur um viðhorf og hvernig þau birtast í umhverfinu og vinnunni okkar. Hún var beitt í framsögn, ýtti við okkur og kom með nýja sýn á umfjöllunarefnið. Það var áhugavert að heyra Sigríði tala um viðhorf. Þetta er vítt og breitt viðfangsefni og þetta snertir okkur á hverjum degi, í öllum okkar samskiptum. Þetta var einn af betri fyrirlestrum sem við fengum því hann vakti fólk til umhugsunar um sína skoðun á þessum málaflokki og nánast um hvað má og hvað má ekki.

Starfsmenn unnu einnig myndaplatta. Hugsunin á bak við þá var að þarna gætum við gefið öðrum samstarfsfélögum, foreldrum og gestum smá innsýn í okkar líf, fyrir hvað stöndum við og hvað skiptir okkur máli. Virkilega skemmtileg vinna og mikil samkennd sem skapaðist á meðal starfsmanna.

#### **18. febrúar 2016, foreldrafundur, fyrirlestur Ingibjargar Jónsdóttur leikskólastjóra í Gefnarborg í Garði um tvítýngi og læsi fyrir foreldra tvítýngdra barna. Á fundinum var pólskur túlkur þar sem meirihluti foreldra tvítýngdra barna í Vallarseli er frá Póllandi**

Farið var yfir mikilvægi móðurmálsins í máltöku tvítýngdra barna. Lögð var áhersla á að móðurmálið sé mjög dýrmætt, það er undirstaða annars tungumáls en það er samt ekki bein tenging á milli kunnáttu í móðurmáli og öðru tungumáli. Það verður að eiga sér stað hvatning varðandi móðurmálsnotkun barnanna. Málumhverfið þarf að vera hvetjandi til að börn læri tungumál. Þá var einnig lögð áhersla á hlutverk kennara í þessu sambandi. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir því að minna foreldra á að tala móðurmál sitt við börnin sín. Þá fjallaði hún einnig um bakgrunn tvítýngdra barna en hann getur verið æði misjafn og því er mikilvægt að kennarar geri sér grein fyrir því að mikill einstaklingsmunur er á málkunnáttu og málnotkun tvítýngdra barna eftir því hvaða reynslu þau hafa að baki. Kennarar þurfa að þekkja bakgrunn barnanna til að vita hvaða kröfur þeir geti gert til barnsins.

#### **6. apríl 2016, ráðstefna Máleflis, „Árangursrík málörvun, fyrir hvern, hvað virkar?“**

Ráðstefnan var haldin í tengslum við vinnufund vísindafólks í Evrópulöndum og víðar um málhamlanir barna. Vilborg Valgeirsdóttir sérkennslu- og aðstoðarskólastjóri og Íris

Guðrún Sigurðardóttir deildarstjóri sóttu þessa ráðstefnu. Fyrirlesarar voru þekktir sérfræðingar frá Evrópu, Kanada og Íslandi sem hafa unnið að því að þróa málörvunaraðferðir og rannsaka virkni þeirra, þeirra á meðal eru Elín Þöll Þórðardóttir, Susan Roulstone, Jóhanna Einarsdóttir og Þóra Sæunn Úlfisdóttir. Ráðstefnan var fyrir talmeinafræðinga, starfsmenn skóla- og menntastofnana, sveitarstjórnarfolk, foreldra barna með málhamlanir og aðra sem láta sig málið varða.

## **29. mars 2016, skipulagsdagur, heimsókn í leikskólana Ægisborg og Miðborg og á skrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi tvítýngi og fjölmenningu**

Starfsmenn skiptu sér niður á þessa tvo leikskóla og fengu kynningu á því hvernig unnið er með fjölmenningu og tvítýngi á leikskólunum. Að því loknu var okkur svo boðið á fyrirlestur Friðu B. Jónsdóttur á skrifstofu Reykjavíkurborgar.

## **5. nóvember 2016, starfsmannafundur, farið yfir könnun sem starfsfolk svaraði um verkefnið**

Allir starfsmenn leikskólans, fyrir utan starfsmenn í eldhúsi, svöruðu matsspurningum varðandi þróunarverkefnið. Það var nauðsynlegt að leggja könnunina fyrir en þetta voru 47 spurningar og því ansi viðamikil könnun. Misjafnt var hvað fólki þótti um framkvæmd þessarar könnunar en það tókst, allir náðu að skila og það var lítið um að fólk skilaði auðum spurningum sem segir okkur líka að við höfum allar skoðanir á þessu verkefni sem við erum að vinna og ekki síður þeim fjölbreytileika sem er í skólanum. Það er mjög mikilvægt í þróunarverkefnisvinnu að vera með mælingar á því hvernig verkefnið gengur og því er markmiðið að leggja aftur könnun fyrir starfsfólkið en sú könnun verður styttri og hnitmiðaðri. Þá verður sú könnun lögð fyrir deildirnar í heild en ekki hvern starfsmann.

## **15. nóvember 2016, skipulagsdagur, fyrirlestur Dr. Sigríðar Ólafsdóttur um orðaforða**

Dr. Sigríður Ólafsdóttir kom og flutti fyrirlestur um mikilvægi íslensks orðaforða fyrir þróun læsis hjá íslenskum leikskólabörnum, tvítýngdum sem eintýngdum. Sigríður sagði frá rannsókn sinni á íslenskum börnum í 4.-8. bekk. Það sem vakti athygli umfram annað var sú staðreynd að umfang orðaforða barna við þriggja ára aldur spáir fyrir um tungumálafærni barna 9-10 ára.

## **17. janúar 2017, starfsmannafundur, kynning deilda á þróunarverkefninu. Áhersla lögð á mat á tvítýngi, viðhorfum og áframhaldandi vinnu með fjölmenningu og tvítýngi.**

Hver deild innan leikskólans sagði frá hvernig gengið hefði að vinna verkefnið og fór yfir svör við spurningum sem lagðar höfðu verið fyrir starfsmenn.

- ✚ hvaða tilfinning er fyrir þróunarverkefninu sem búið er að vera í gangi s.l. 2 ár?
- ✚ hafa orðið breytingar á starfinu?
- ✚ hvaða breytingar hafa orðið á starfinu?
- ✚ hvernig hefur gengið að vinna þróunarverkefnið á deildinni?
- ✚ hvernig sjáið þið framhaldið?
- ✚ er eitthvað sem hefur komið á óvart?

## **20. febrúar og 28. mars 2017, fyrirlestrar um þróunarverkefnið fyrir leikskólana Garðasel og Akrasel**

Hluti af verkefninu var að kynna það fyrir öðrum leikskólum Akraneskaupstaðar. Farið var yfir glærur um framgang verkefnisins og áttum góðar umræður um verkefnið við starfsmenn leikskólanna.

## **19. apríl 2017, skipulagsdagur, fyrirlestur Eddu Kjartansdóttur varðandi starfsþróun og að viðhalda verkefninu áfram.**

Farið var yfir hvað væri búið að gera, hvernig árangur þróunarverkefnisins væri metinn og hvernig hægt væri að halda áfram með það. Unnið var mikið í hópum og var hver deild með „hugarflug“ varðandi verkefnið. Starfsfólk svaraði spurningum eins og: „Hvað gerum við núna til að ýta undir máltöku tvítyngdra barna?“ „Hvernig viljum við vinna?“ „Hvaða skref þurfum við að taka?“ „Hvað ætlum við að halda áfram með?“ Í lokin var svo áætlað að hver deild gerði sér nokkurs konar áætlun fyrir næsta vetur varðandi áframhaldandi vinnu með þróunarverkefnið.

## **Þátttaka í Erasmus+**

### **22.-26. febrúar 2016, ferð sérkennslustjóra til Sandnes í Noregi**

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir sérkennslu- og aðstoðarskólalastjóri fékk boð um að fara til Noregs í starfskynningu ásamt Bergrósu Ólafsdóttur talmeinafræðingi og Laufeyju Skúladóttur og Valgerði Oddsdóttur kennurum úr grunnskólum Akraneskaupstaðar.

Heimsótt var ríkisrekin miðstöð, FBU í Sandnes, sem veitir kennslu fyrir börn sem eiga annað móðurmál en norsku og heldur námskeið og fyrirlestra til að fræða starfsfólk leik- og grunnskóla. Markmið FBU er að auka meðvitund um málþróun fjöltyngdra barna og auka þekkingu á aðferðum til að örva málþroska í öðru móðurmáli. Börn eiga rétt á auka aðstoð til að hjálpa þeim að halda í sitt móðurmál og að kenna þeim á þeirra móðurmáli hinar ýmsu námsgreinar. Hjá FBU starfa 38 kennarar sem tala 32 ólík tungumál. Þörfin kallar á 50 ólík tungumál. Stærstu tungumálin í Sandnes eru pólska, litháenska, víetnamska, arabíska og tékkneska. Í ferðinni voru einnig tveir leikskólar og tveir grunnskólar heimsóttir. Í þeim heimsóknum var fylgst með því hvernig þeir starfa og hvernig þörfum tvítyngdra barna er sinnt.

### **7.-11. nóvember 2016, önnur ferð sérkennslustjóra til Sandnes í Noregi**

Aftur var farið í FBU í Sandnes. Skoðaðir voru fleiri skólar og við fengum að sjá hvernig færnimat og kennslufyrirkomulag er varðandi tvítyngd börn. Þegar börn koma í grunnskóla eru þau metin með svokölluðu *Kartleggingspróve for minoritetspråklike skolestarter* sem er gefið út af Trondheim kommune. Þar eru börnin metin út frá ýmsum færniþáttum sem gefa kennurum ákveðna mynd af tungumálakunnáttu barnanna, hvort sem um er að ræða þeirra eigið móðurmál eða norsku.

### **15.-19. maí 2017, ferð sérkennslustjóra til Vara og Trollhättan í Svíþjóð.**



Í þessari heimsókn voru skoðaðir skólar í Vara í Svíþjóð ásamt því að sitja ráðstefnu í Trollhättan. Skoðaðir voru skólar á öllum skólastigum þ.e leik, grunn- og framhaldskóla. Skoðað var hvernig unnið er með tvítyngd börn, börn sem hafa komið til Vara sem flóttamenn eða önnur börn með greiningar á borð við Downs, Einhverfu eða CP. Þegar skólaheimsóknum lauk var farið til Trollhättan og setin var ráðstefna sem fjallaði um nám og námsaðferðir í þremur löndum, Íslandi, Svíþjóð og Þýskalandi.

## Hvaða leiðir notum við í starfi með tvítyngdum börnum?

### Umhverfi

#### Á öllum deildum er notast við myndrænt dagskipulag

Farið er yfir hvernig dagurinn er skipulagður. Mikilvægt er að hafa umhverfið myndrænt, t.d með boardmaker, táknmyndum (TMT) eða ljósmyndum (eða blanda öllu saman) þannig að auðvelt sé að benda og nefna. Fyrirsjáanleiki er eitt af því mikilvægasta sem við getum gefið börnum sem eiga í erfiðleikum með að skilja umhverfi sitt og fyrirmæli.



#### Á öllum deildum er notast við myndrænt skipulag við matarborðið

Á hverri deild eru tvítyngd börn með svokallaða matarmottu (diskamottu). Á þessum mottum eru notaðar boardmaker myndir af því sem er í matinn þann daginn. Matseðill dagsins er settur upp með myndum og barnið fær þannig skilaboð um hvað er í matinn bæði í myndum og máli. Barnið er hvatt til að benda á og svo í framhaldi segja hvað það er sem það vill fá.



### Á öllum deildum er myndrænt skipulag í fataherbergi

Í fataherbergi eru settar upp myndir af þeim fötum sem á að fara í og í þeirri röð sem það skal gert.



### Á öllum deildum er myndrænt skipulag í vali

Myndir af leikföngum eru á valspjöldum. Þar fá börnin tækifæri til að sjá og heyra hvaða leikefni er í boði. Það hjálpar börnunum að tengja saman tungumálið við myndirnar.



## Á öllum deildum er notað TMT

TMT- tákn með tali er notað með börnunum. Það er notað þegar lögð eru inn ný orð og þá er gott að senda þau heim líka til að foreldrar geti æft sig með. Gott er að hafa bæði mynd og erlenda og íslenska orðið.

## Á öllum deildum er boðið upp á túlk í foreldraviðtölum

Mjög mikilvægt er að foreldrar fái upplýsingar um barnið sitt á sínu móðurmáli. Þeim er boðið upp á túlkaviðtöl tvisvar á ári og oftast ef þarf. Þá er starfandi í leikskólanum pólskur leikskólakennari sem hefur verið afar mikilvægur hlekkur í öllum samskiptum við pólsku foreldrana í leikskólanum.

## Námsefni

### Á öllum deildum er unnið með námsefnið Lubbi finnur málbein

Lubbi er íslenskur fjárhundur sem býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku mállhljóðin, fljótt og vel. Leikskólinn hefur útbúið svokallaða Lubbakassa. Hver kassi inniheldur eitt mállhljóð og í þeim kassa eru hlutir sem byrja á viðkomandi mállhljóði.



### Á öllum deildum er unnið með tónlist á lifandi og skemmtilegan hátt

Til þess notum við svo kallaða Tónlistarborða þar sem það lag sem unnið er með, er bútað niður eftir orðum og myndir tengdar við orðin. Þannig fá börnin meiri og betri skilning á því sem sungið eða spilað er um.



## Á öllum deildum er unnið með ápreifanlega kennslu

Með ápreifanlegri kennslu er átt við að nota ápreifanlegan efnivið. Meðal annars Ævintýrakassa, loðtöflur og annað leikefni. Leikskólinn útbjó Ævintýrakassana eftir norskrri fyrirmynd. Þar eru notaðar einfaldar sögur og leikföng til að gera sögurnar einfaldar og lifandi.



## Á öllum deildum er lesið fyrir börn í litlum hópum

Börnunum er getuskipt í hópana. Með því er hægt að vera nokkuð öruggur um að hvert barn fær lestur við sitt hæfi, að barnið skilji um hvað er lesið og geti tekið þátt í samræðum um lestrarefnið. Það er flæði á milli þessa hópa, þ.e. ef barn sýnir árangur og framför í einum hópi, þá fær það tækifæri til að fá lestur með börnum sem hafa góðan skilning; og svo eins ef barn virðist ekki skilja eða tekur lítinn þátt, þá er það sett í lestrarhóp þar sem lesið er einfaldara efni.

## Á öllum deildum eru ípadar notaðir í vinnu með tvítyngdum börnum

Forritin sem við notum helst eru í vinnu með þeim eru:

- Orðagull
- Bitsboard
- Lærum og leikum með hljóðin

## Annað

### Gamalt leik- og námsefni glætt að nýju

Leikskólinn hefur útbúið bæði litla kassa sem og plastvasa sem innihalda ýmiskonar námsefni fyrir tvítyngd börn sem og öll önnur börn í leikskólanum. Sem dæmi má nefna að í þessum plastvösum/kössum hafa gömul púsl, gamlar bingómyndir og annað fengið nýtt líf.



### Við gerum móðurmáli og menningu barnanna hátt undir höfði

Með því er m.a. átt við að í hverju fataherbergi eru bæði fánar viðkomandi lands sem og kveðja á viðkomandi tungmáli.



## Matslistar

Við teljum mikilvægt að nota snemmtæka íhlutun og nýtum til þess ýmsa matlista

- TRAS
- Orðaskil
- Hljóm-2



## Niðurstöður

Ef markmið okkar í upphafi eru skoðuð kemur í ljós að þeim höfum við að mestu náð, en þetta eru engu að síður markmið sem við verðum að vinna með áfram. Þetta eru okkar leiðarljós í framtíðinni:

### **Að auka færni, skilning og umburðarlyndi starfsfólks leikskólans í vinnu með nemendum með annað móðurmál en íslensku**

Þetta markmið var erfiðasti hjallinn og var enginn starfsmaður undanskilinn í þessum málum. Við þurfum sífellt að skoða hug okkar gagnvart öllum í okkar umhverfi, þ.á.m tvítyngdum börnum og það hvernig við getum skapað þeim sem best námsskilyrði.

### **Að efla samstarf við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku**

Þetta markmið krefst þess að við starfsmenn verðum að gefa færi á okkur og opna leið fyrir foreldrana til að eiga samskipti við okkur. Við höfum náð að virkja tvítyngda foreldra til þátttöku í foreldrafélaginu sem er góður vettvangur til að taka þátt og koma skoðunum sínum á framfæri. Við teljum einnig að með því að hafa erlenda foreldra í stjórn félagsins náum við vonandi að virkja sem flesta.

### **Að gera fjölmenningu leikskólans sýnilegri**

Þetta markmið er líklega það sem okkur tókst ekki að gera eins hátt undir höfði og tvítyngi og málörvun. Við ætlum engu að síður að halda áfram og gera betur. Deildarstjórar hafa töluverða möguleika til að útfæra þetta markmið eftir sínu höfði og hvað hentar hverri deild sem best og það verður gaman að fylgjast með því hvaða leiðir verða farnar.

### **Að efla almenna málörvun fyrir öll börn í leikskólanum**

Þarna tókst okkur mjög vel upp. Við höfum á tímabilinu náð að koma ákveðnu fyrirkomulagi á varðandi málumhverfi tvítyngdra barna á öllum deildum. Við innleiddum málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“ og er það notað á öllum deildum, með öllum aldri. Hver aldur hefur þó sínar áherslur. Allar deildar nýta sjónrænt dagskipulag, eru með markvissar lestrarstundir, með sjónrænar vísbendingar í fataherbergi, matartímum og ýmsu öðru. Starfsfólk er meðvitaðra um hvernig vinna skuli með tvítyngdum börnum og skipulag málörvunar er markvissara. Við þurfum að halda áfram þessari vinnu, viðhalda þekkingu og áhuga starfsfólks á að gera enn betur.

### **Hver er framtíðarsýn leikskólans ?**

- ✚ að halda áfram að sinna tvítyngdum börnum eins vel og hægt er.
- ✚ að halda áfram að koma til móts við tvítyngd börn þar sem þau eru stödd þegar þau koma á leikskólann. Að viðhalda því skipulagi sem höfum komið upp.
- ✚ að afla okkur frekari þekkingar á viðfangsefninu og vera opnar fyrir nýjum möguleikum, námsefni og fleiru.
- ✚ að halda áfram að vinna að auknum samskiptum við foreldra tvítyngdra barna
- ✚ að innleiða Orðaspjalls-aðferðina á allar deildir.

- ✚ að viðhalda þeirri viðhorfsbreytingu til fjölmenningar og tvítyngis sem varð á tímabilinu sem verkefnið varði.

## Lokaorð

Þegar lagt er af stað í svona stórt verkefni eru ýmsar spurningar sem vakna á leiðinni, vangaveltur um marga hluti sem tengjast bæði börnum og foreldrum tvítyngdra barna.

Upphafið að þessari ferð okkar var í raun fyrir sex árum síðan þegar við stóðum ráðþrota gagnvart námi og kennslu tvítyngdra barna. Árin þar á undan hafði leikskólinn unnið markvisst með heimspeki og tónlist með börnunum og hafði sú vinna gengið vel. En svo breyttist eitthvað og deildarstjórar sáu ekki lengur þann árangur sem áður hafði náðst, börnin virtust ekki skilja um hvað efnið fjallaði og höfðu lítið fram að færa. Í þessum hópi voru 5 tvítyngd börn ásamt nokkrum börnum sem greind voru með málþroskaröskun. Þá var ákveðið að taka u-beygju, breyta um skipulag og færa í rauninni kröfurnar neðar, mæta börnunum þar sem þau voru.

Lengi kölluðum við eftir hjálp, skilningi og umburðarlyndi gagnvart þessu verkefni, tvítyngdum börnum í leikskólanum fjölgaði mikið á næstu árum og allt í einu stóðum við frammi fyrir þessu stóra verkefni.

Nú þegar líður að lokum verkefnisins er margt sem fer í gegnum hugann. Við höfum áorkað ansi miklu á þessum tveimur árum sem eru liðin frá upphafi verkefnisins. Það mikilvægasta í þeirri vinnu er sú mikla breyting sem orðið hefur á viðhorfi starfsmanna gagnvart kennslu tvítyngdra barna, sem og þeirra barna sem kljást við málþroskaraskanir af öllu tagi. Þessi leið hefur verið grýtt og margir þröskuldar verið í veginum en með þrautseigju og áhuga hefur okkur tekist að breyta viðhorfinu. Þetta er vinnan okkar og á meðan við störfum í leikskólanum er það skylda okkar að sinna þessum málaflokki sem best. Það er einnig skylda okkar að sýna öllum umburðarlyndi, vináttu og áhuga, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Við megum ekki gleyma því að með þessum fjölda tvítyngdra barna í leikskólanum skapast mörg störf sem væru ekki fyrir hendi ef ekki væri fyrir þær fjölskyldur sem ákváðu að flytjast á Akranes og völdu Vallarsel sem sinn leikskóla.

## Viðauki

### Samantekt úr könnun starfsfólks vegna verkefnisins.

#### **Hvernig myndir þú lýsa tungumála- og menningarlegri fjölbreytni á leikskólanum?**

Misjafnt var hvað fólki fannst um tungumála- og menningarlega fjölbreytni en í heildina þá eru í leikskólanum börn af ýmsum þjóðernum og úr ólíkum menningarheimum sem sameinast hérna en tala íslensku í leikskólanum.

#### **Hvað getum við gert til að nýta fjölbreytileg tungumál og áhuga barnanna í leikskólastarfi?**

Með því að hafa allt sjónrænt og nota til þess myndir og ritmál. Hafa myndrænt dagskipulag á deildinni sem er bæði notað yfir hópinn í heild sem og fyrir þá einstaklinga sem þurfa skilaboð maður á mann. Þjóða börnum upp á að skoða erlendar bækur og hlusta á tónlist frá ólíkum þjóðum. Nýta sönginn og að nota leikmuni t.d í sögum og TMT í söng.

#### **Hvað gerum við til að málþroski barnanna þróist frá einu tungumáli til annars, þ.e frá móðurmálinu yfir í það tungumál sem talað er á leikskólanum?**

Notum TMT, tölum hægt og skýrt og endurtökum orðin rétt. Notum myndir í hádegismat fyrir þau sem þess þurfa og skoðum bækur með börnunum. Tölum saman og notum lestur í samverustundum. Þá skiptir miklu máli að barnið hafi góða viðveru í leikskólanum. Hafa ávallt í huga velferð og líðan barnsins.

#### **Erum við með fasta lestrartíma fyrir alla hópa, eða lesum við bara fyrir þau börn sem finna sér bók og biðja um að það sé lesið fyrir sig ?**

Það eru fastir lestrartímar á hverjum degi en misjafnt er eftir deildum hvenær þeir eru.

#### **Hvað gerum við til að miðla fjölmenningu leikskólans og upphefja móðurmál tvítyngdu barnanna?**

Við erum með þjóðfána og kveðjur í fataherbergjum á öllum tungumálum sem eru innan skólans, við bjóðum upp á túlk í foreldraviðtali og erum með foreldrafundi með pólskum túlk. Móðurmál barnanna er sýnilegt og börnin mega koma með bækur og geisladiska á sínu móðurmáli.

#### **Hvernig getum við rætt um mikilvægi málörvunar í foreldraviðtölum?**

Við getum lagt mikla áherslu á lestur og það að tala við börnin. Það er líka og á að vera sjálfsagt að foreldrar geri sér grein fyrir mikilvæginu. Þá getum við bent foreldrum á bæði bækur sem henta til lesturs, á hentugt málörvunarefni og almennt stutt við foreldra þegar kemur að þessum þætti. Þá leggjum við mikla áherslu á að tvítyngd börn fái lestur og málörvun á sínu móðurmáli.

### **Hvernig getum við nýtt daglegt samstarf til að styrkja málþroska barnsins?**

Við getum miðlað upplýsingum um hvað var gert í dag, þá geta foreldrarnir talað um það við börnin heima á þeirra tungumáli. Hjálpum foreldrunum –látum þá vita hvað við erum að gera og hrósum þeim fyrir áhugann sem þeir sýna.

### **Hvernig sjáum við að barn á í erfiðleikum með tungumálið?**

Barnið tjáir sig lítið sem ekkert, tekur ekki þátt í samræðum og heldur sig til hlés. Einnig sjáum við þetta þegar barnið á erfitt með að framkvæma einföld fyrirmæli og þagnar jafnvel þegar það er beðið um að tjá sig.

Akranesi 18.12.2017.

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir, sérkennslu- og aðstoðarskólastjóri

---

Íris Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri

---

Brynhildur Björg Jónsdóttir, skólastjóri

---